

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Kinna, Brattakinn 25.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. apríl 2008 breytingu á deiliskipulagi Kinna, Brattakinn 25 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir íbúðarhús breiðkar um 0,5 m til norðausturs og að byggingarreitur fyrir bílskúr flyst frá norðurhorni lóðar upp í innkeyrsluna og tengist við byggingarreit íbúðarhúss. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 2. maí 2008,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. maí 2008